

Miðvikudaginn 3. júlí 1996.

Nr. 256/1996. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn

Gunnari Traustasyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru í gær, sem barst réttinum í dag, og krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 2. júlí, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sett og háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur dómarafulltrúa.

Lögreglan í Reykjavík hefur krafist þess, að Gunnari Traustasyni, kt. 220373-5259, Melbæ 17, Reykjavík, verði gert að sæta framhaldi gæsluvarðhalds allt til kl. 12.00 þriðjudaginn 9. júlí nk.

Kærði hefur borið fyrir lögreglu svo og fyrir dómi, að Guðmundur Þór Jóhannesson og Lilja Sigurjónsdóttir séu kunningjar sínir.

Lögreglan kveður áreiðanlegar upplýsingar liggja fyrir um það, að Guðmundur Þór og Lilja eigi aðild að stórfelldum fíkniefnainnflutningi, en við þeim er búist til landsins á morgun frá Bandaríkjunum. Fyrir liggur í málinu, að kærði tók við pakka, sem innihélt fíkniefni, á pósthúsinu í Árbæ. Pakkinn hafði verið sendur frá Hanstholm í Danmörku, en kærði kveðst ekki hafa vitað, hver sendandi pakkans hafi verið og hvers vegna hann hafi verið sendur til sín. Rannsókn málsins hjá lögreglu beinist nú einkum að þætti Guðmundar og Lilju í málinu, en fyrir liggur, að þau fengu lánaða

ferðatösku þá, sem fíkniefnahundur lögreglu sýndi mikinn áhuga og fannst á heimili kærða.

Því verður að fallast á með lögreglu, að nauðsynlegt sé í þágu rannsóknarhagsmuna, að kærði hitti þau ekki, er þau koma til landsins, eða að þau fái með öðrum hætti vitneskju um rannsókn þessa máls, áður en þau koma til landsins. Þar sem kærði er undir rökstuddum grun um aðild að broti gegn lögum nr. 65/1974 og brýnt er að yfirheyra Guðmund Þór og Lilju, áður en þau fá vitneskju um rannsókn máls þessa, verður ekki hjá því komist að gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, en þó eigi lengur en til föstudagsins 5. júlí nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Gunnar Traustason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 5. júlí 1996.
